

3. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennarar: Erla María og Ingunn Rós Fjöldi nemenda: 32 Tímafjöldi: 2		
Menntagildi námsgreinar: Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Að nemendur tileinki sér réttssýni, ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra. Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki: Sögukennsla byggir á heimildum um sögu og samfélög frá fortíð til okkar tíma. Trúarbragðafræði á að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum. Siðfræði eflir siðvit og fjallar um siðferðileg álitamál. Þjóðfélagsfræði fjallar um það þjóðfélag sem við búum í og samskipti okkar við umheiminn. Henni er ætlað að styrkja ábyrgð og frumkvæði nemenda á skapandi hátt. Lífsleikni svarar spurningum hvað varðar reynsluheim, hugarheim og félagsheim nemenda. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við. Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.		
Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Reynsluheimur	Nemandi getur: komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga,	- Útinám og vettvangsferðir - Samlestur og umræður - Skapandi vinna/Þemavinna

	• bent á tengsl valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu, • lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga, • nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar, • sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi, • aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum, • rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi, • gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa, • sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir, • bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi, • gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni, • áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra, • sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu, • velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika, • sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú, • sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar, • bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum, • lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu. • Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.	• Bekkjarfundir • Mitt og þitt hlutverk • Inni- og útileikir • Uppbyggingarstefnan • Samlestur og umræður • Skapandi vinna
Hugarheimur	• Geta gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna • Sett sig í spor annarra. • Sett sér einföld markmið og unnið að þeim. • sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna,	• Umræður • Bekkjarfundir • Inni- og útileikir • Uppbyggingarstefnan • Markmiðasetning

Félagsheimur	• tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, • hlustað á og greint að ólíkar skoðanir, • rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, • tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti, • áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum, • sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, • áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna, • sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur, • sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.	• Umræður • Skapandi vinna/Þemavinna • Bekkjarfundir • Uppbyggingarstefnan
Námsmat: Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Leiðsagnarmatið er rætt í einstaklingsviðtölum við foreldra og börn. Hæfniviðmið eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsgögn: • Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti • Komdu og skoðaðu landnámið • Komdu og skoðaðu tæknina, • Könnun kortin 1 • Uppbyggingarstefnan og valin verkefni af Skólavefnum og internetinu. • Vettvangsferð í Duushús • 7 venjur		